

Starfslokasamningur

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, og Guðmundur Gunnarsson, kt. 230976-5119, gera með sér eftirfarandi samning vegna starfsloka Guðmundar sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Samkvæmt starfslokasamningi þessum lætur Guðmundur þegar af störfum sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Réttindi hans og skyldur sem bæjarstjóri falla niður frá sama tíma.

Um starfslokakjör fer samkvæmt því sem greinir í ráðningarsamningi Ísafjarðarbæjar og Guðmundar, dags. 22. ágúst 2018, með eftirfarandi hætti:

- a) Guðmundur fær greidd óskert laun fyrir janúarmánuð 2020.
- b) Guðmundur skal fá greitt sem samsvarar fullum launum, sbr. 3. og 9. gr. ráðningarsamnings, í sex mánuði frá og með 1. febrúar 2020 að telja auk orlofs. Uppgjör launa skv. þessum lið, svo og lífeyrissjóðsframlaga, sbr. 7. gr. ráðningarsamnings, skal fara fram hinn 1. mars 2020.
- c) Uppgjör áunnins ótekens orlofs vegna orlofstímabilsins frá 1. maí 2019, til starfsloka, skal fara fram samhliða launauppgjöri skv. b) lið, eða hinn 1. mars nk. Þá skal jafnframt á sama tíma greiða hlutfall af orlofs- og desemberuppbót.
- d) Starfstengdar greiðslur samkvæmt ráðningarsamningi, þ.m.t. bifreiðastyrkur, sbr. 3. gr. og farsímagjöld, sbr. 6. gr., falla niður samhliða því sem látið er af störfum.
- e) Áréttað er að þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt að látið sé af starfi, sbr. 10. gr. ráðningarsamnings og 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Að uppfylltum starfslokasamningi þessum telst hvorugur aðila eiga frekari kröfur á hendur hinum vegna ráðningarsamningsins, dags. 22. ágúst 2018, hverju nafni sem nefnast.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Ísafjarðarbæ, 26. janúar 2020


f.h. Ísafjarðarbæjar
m/fyrirvara


Guðmundur Gunnarsson

Vottar:

Leifur Gunnarsson 210478-3221
Þórunn Þórarinsdóttir 210976-4939